

Þriðjudaginn 27. október 1998.

Nr. 424/1998.

Gunnar Kvaran ehf.

(Skúli Pálsson hrl.)

gegn

Fyrst og fremst ehf.

(enginn)

Kærumál. Málskostnaðartrygging.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Markús Sigurbjörnsson, Arnljótur Björnsson og Gunnlaugur Claessen.

Sóknaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 5. október 1998, sem barst réttinum ásamt kærumálgögnum 15. sama mánaðar. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 22. september 1998, þar sem hafnað var kröfu sóknaraðila um, að varnaraðila yrði gert að setja tryggingu fyrir greiðslu málskostnaðar í máli nr. E-3743/1998, sem varnaraðili hefur höfðað á hendur sóknaraðila. Kæruheimild er í o-lið 1. mgr. 143. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Sóknaraðili krefst þess, að varnaraðila verði gert að setja málskostnaðartryggingu í nefndu dómsmáli, að fjárhæð 500.000 krónur.

Varnaraðili hefur ekki látið málið til sín taka fyrir Hæstarétti.

Í úrskurði héraðsdómara er greint frá fjárnámi, sem gert var hjá varnaraðila 25. ágúst 1998, en á því reisti sóknaraðili aðallega staðhæfingu sína um, að varnaraðili yrði ófær um að greiða málskostnað í máli þeirra. Fyrir Hæstarétti hefur sóknaraðili lagt fram gögn um, að Íslenska útvarpsfélagið hf. hafi 29. september 1998 krafist þess, að bú varnaraðila yrði tekið til gjaldþrotaskipta. Mun nefnt félag telja sig eiga kröfu á hendur varnaraðila, að fjárhæð alls 8.003.354 krónur. Ekki liggur fyrir, hver afdrif kröfunnar um gjaldþrotaskipti kunna að hafa orðið.

Þegar þess er gætt, sem að framan greinir, verður sóknaraðili talinn hafa leitt nægar líkur að því, að varnaraðili verði ófær um að greiða málskostnað í máli sínu á hendur honum. Fallist verður á það með sóknaraðila, að skilyrði séu að öðru leyti fyrir því, að krafa hans um tryggingu fyrir greiðslu málskostnaðar verði tekin til

greina. Samkvæmt því verður varnaraðila gert að setja innan tveggja vikna frá uppsögu þessa dóms málskostnaðartryggingu, sem er hæfilega ákveðin 250.000 krónur, í því formi, sem héraðsdómari metur gilt.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

D ó m s o r ð:

Varnaraðila, Fyrst og fremst ehf., ber innan tveggja vikna frá uppsögu þessa dóms að setja tryggingu í því formi, sem héraðsdómari metur gilt, að fjárhæð 250.000 krónur, fyrir greiðslu málskostnaðar í máli nr. E-3743/1998 fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 22. september 1998.

Á dómþingi 3. september sl. þingfesti auglýsingastofan Fyrst og fremst ehf., kt. 530194-3379, Mörkinni 6, Reykjavík, mál á hendur Gunnari Kvaran ehf., kt. 610182-0119, Vatnagörðum 22, Reykjavík, til greiðslu skuldar, að fjárhæð 3.124.091 kr., ásamt dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 auk málskostnaðar.

Við þingfestingu málsins krafðist stefndi málskostnaðartryggingar úr hendi stefnanda með vísan til b-liðar 1. mgr. 133. gr. laga nr. 91/1991.

Skuld sú, sem stefnandi krefst greiðslu á, er samkvæmt fimm reikningum, sem lagðir hafa verið fram í ljósriti, þrír þeirra gefnir út 9. apríl 1997 og tveir daginn eftir. Á reikningana er skráð, til hvers þeir ná, s. s. vinnu við gerð blaðaauglýsinga, skjámynda, sjónvarpsauglýsinga o. fl. Enn fremur er á reikningana skráð, hvenær hafi verið beðið um þessa vinnu og af hverjum. Þar eru nefnd nöfnin Gunnar Kvaran og Halldór Kvaran og að um vinnuna hafi verið beðið í október 1994, september 1995 og júní 1996.

Málið var tekið fyrir 11. september sl., og lagði stefndi þá fram greinargerð um kröfu sína um málskostnaðartryggingu. Stefnandi fékk frest til að leggja fram greinargerð af sinni hálfu til 16. september, og í því þinghaldi tjáðu lögmenn beggja aðila sig jafnframt um málskostnaðarkröfuna. Málið var síðan tekið til úrskurðar um þá kröfu stefnda, að stefnanda yrði gert að setja málskostnaðartryggingu, að fjárhæð 500.000 kr., en stefnandi krafðist þess, að kröfu stefnda yrði hafnað. Aðilar gerðu ekki kröfu um greiðslu málskostnaðar í þessum þætti málsins.

Stefndi hefur lagt fram í málinu endurrit úr gerðabók sýslumannsins í

Reykjavík frá 25. ágúst sl., þar sem fram kemur, að stefndi krafðist aðfarar hjá stefnanda fyrir kröfu, að fjárhæð 379.713 kr. Af hálfu gerðarþola, Fyrst og fremst ehf., var bent á eigur, sem sýslumaður mat að verðmæti 127.000 kr., er gerðarþoli sætti sig við, og var gert fjárnám í þeim, en fjárnáminu lokið án árangurs að hluta. Fram kemur, að gerðarþoli átti eina eign af þeim, sem gert var fjárnám í, símstöð, sem metin var á 50.000 kr. Aðrar eignir átti forsvarsmáður gerðarþola.

Gerðarþoli benti á kröfu, sem hann ætti á hendur Eðalvörum ehf., að fjárhæð 120.000 kr., ásamt málskostnaðarkröfu, að fjárhæð 60.000 kr., og var gert fjárnám í þeim kröfum.

Stefndi í máli þessu bendir á, að er framangreint fjárnám fór fram 25. ágúst sl., hafi stefnandi ekki átt aðrar eigur að eigin sögn en símstöð þá, sem fjárnám var gert í. Komið hafi fram í fyrra máli, sem stefnandi höfðaði á hendur stefnda, en fellt var niður, vegna þess að stefnandi gat ekki sett málskostnaðartryggingu, að fjárhæð 180.000 kr., sem hann var úrskurðaður til að setja, að stefnandi hafi skuldað stórfé, sem stefndi kveður sig vita, að hann hafi ekki greitt. Stefndi kveður því skilyrðum b-liðar 133. gr. laga nr. 91/1991 vera fullnægt og taka eigi kröfu sína til greina.

Af hálfu stefnanda, Fyrst og fremst ehf., er því lýst, að fyrirtækið sé starfandi og ekki undir gjaldþrotaskiptum. Þær skuldir, sem stefndi nefni, að stefnandi standi í, hafi mestmegnis verið skattálögur, sem nú hafi verið felldar niður. Stefndi hafi greitt allar skuldir sínar, og ekkert bendi til annars en hann geti greitt málskostnað, sem á hann kynni að falla.

Stefnandi heldur því fram, að b-lið 133. gr. laga nr. 91/1991 beri að skýra þröngt, og vitnar í dóm Hæstaréttar í málinu nr. 118/1998 þeirri staðhæfingu sinni til stuðnings. Um sé að ræða undantekningarreglu, sem sé til íþyngingar og skerði rétt manna til aðgangs að dómstólum. Af þessum sökum eigi að hafna kröfu stefnda um, að stefnandi setji málskostnaðartryggingu.

Niðurstaða dómsins.

Samkvæmt því, sem fram kemur í endurriti af bókun sýslumanns um fjárnám hjá stefnanda þessa máls 25. ágúst sl., er hann eignalaus eða því sem næst, og hefur ekkert annað verið leitt í ljós í þessu máli. Aðilar málsins halda hvor sínu fram um skuldastöðu stefnanda. Stefndi kveðst hafa greitt skuldir sínar, en því mótmælir stefndi. Engin gögn hafa verið lögð fram um skuldastöðu stefnanda nema um framangreint fjárnám hjá honum.

Peir reikningar, sem stefnandi krefst, að stefndi verði dæmdur til að greiða sér, nema samanlagt hárrí fjárhæð. Reikningarnir sýnast út af fyrir sig vera samdir með algengum hætti, og þeim fylgja ýmis gögn, sem gera verður ráð fyrir, að stefnandi hyggist nota til þess að sýna fram á, að stefndi

skuldi stefnanda. Stefndi hefur, enn sem komið er, hvorki sýnt fram á né haldið því fram, að málsókn stefnanda sé tilefnislaus eða tilgangslítill. Það er rétt, sem stefnandi heldur fram, að ákvæði b-liðar 133. gr. laga nr. 91/1991 er undantekningarregla, og við skýringu á henni verður að hafa í huga, að hún þrengir aðgang manna til þess að leita réttar síns fyrir dómstólum. Rúm túlkun greinarinnar getur orðið til þess, að menn tapi rétti sínum.

Þegar framansagt er haft í huga, þykir rétt, eins og hér hagar til, þrátt fyrir bága fjárhagsstöðu stefnanda að hafna þeirri kröfu stefnda, að stefnanda verði gert að setja málskostnaðartryggingu.

Friðgeir Björnsson dómstjóri kvað upp þennan úrskurð.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Hafnað er þeirri kröfu stefnda, Gunnars Kvaran ehf., að stefnanda, Fyrst og fremst ehf., verði gert að setja tryggingu fyrir greiðslu málskostnaðar í þessu máli.
